

Ár 1995, miðvikudaginn 25. janúar, var í málinu nr. 19/1994 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Málavextir eru þeir að með bréfi til nefndarinnar, dags. 8. nóvember 1994 kærir Þórður Þórðarson, stjórnarformaður Silungs hf., þá ákvörðun Vatnsleysustrandarhrepps að leggja fasteignaskatt samkvæmt b- lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 90/1990 um tekjustofna sveitarfélaga á fiskeldisstöð í Vatnsleysuvík, þinglýsta eign þrotabús Lindalax hf. Silungur hf. er leigutaki fiskeldisstöðvarinnar og greiðandi fasteignagjalda af henni samkvæmt samningi dags. 22. október 1992. Í bréfi kæranda segir m.a.:

"Hér með er þess farið á leit við yfirfasteignamatsnefnd, í fyrsta lagi að hún úrskurði um hvort fiskeldi teljist til landbúnaðar í skilningi a- liðar 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 90/1990 og skuli því skattleggjast skv. þeim lið. Í öðru lagi, ef svo er ekki, hvort rekstur fiskeldisstöðvarinnar á landi Stóru-Vatnsleysu, falli undir ofannefndan lið greinarinnar sem landbúnaður."

Í bréfi Vatnsleysustrandarhrepps til Silungs hf. dags. 5. október 1994 segir:

"Hér með staðfestist að fasteignaskattur á fasteignir Lindarlax hf. Vogum er 1% af fasteignamati og flokkast undir iðnað."

Í 3. mgr. 4. gr. laga 90/1990 segir að verði ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn, skeri Yfirfasteignamatsnefnd úr. Telja verður að ákvæði þetta verði að skýra svo, að úrskurðarvald nefndarinnar nái til ágreinings sem um er fjallað í þessu máli, þ.e. ágreinings um hvort fasteign er gjaldskyld samkvæmt a- eða b- lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 90/1990. Samkvæmt a-lið skal fasteignaskattur vera allt að 1/2 % af álagningarstofni íbúða og íbúðarhúsa ásamt lóðarréttindum, erfðafestulanda og mannvirkja á bújörðum sem tengd eru landbúnaði. Skattur af öllum öðrum fasteignum skal samkvæmt b-lið vera allt að 1 % af álagningarstofni.

Álitaefnið í þessu máli er hvort mannvirki þrotabús Lindalax hf. skuli teljast mannvirki á bújörð sem tengd séu landbúnaði í skilningi a- liðar 3. mgr. 3. gr. laga nr. 90/1990. Af hálfu Yfirfasteignamatsnefndar hefur m.a. verið aflað vottorðs úr veðmálabók Vatnsleysustrandarhrepps og leigusamnings um leigu á landi undir fiskeldisstöðina.


Samkvæmt veðmálabókum er Fiskeldisstöðin í Vatnsleysuvík þinglýst eign þrotabús Lindalax hf. Þinglýst eignarheimild er samningur dags. 23.10.1987 um leigu Lindalax hf. á lóð úr Vatnsleysulandi undir fiskeldisstöð. Í fasteignamatsskrá er lóðin sérgreind og er hún metin fasteignamati sem iðnaðar- og athafnalóð. Af sérgreiningu lóðarinnar leiðir, að mannvirki fiskeldisstöðvarinnar geta ekki talist vera á bújörð og eru þau þegar af þeirri ástæðu ekki gjaldskyld samkvæmt a- lið 3. mgr. 3. gr. laganna, heldur samkvæmt b- lið ákvæðisins.


Með vísan til framanritaðs telur Yfirfasteignamatsnefnd að ekki séu efni til að taka til greina kæru þá, sem um er fjallað í máli þessu.

ÚRSKURÐARORÐ

Framangreind kæra er ekki tekin til greina.


Pétur Stefánsson


Guðmundur Magnússon


Guðný Björnsdóttir